

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 29. nóvember 2022
UST202210-156/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Galtarholt II – frístundabyggð - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Galtarholt II í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til 97 ha. svæðis af 276,5 ha. þar sem gert er ráð fyrir fjölgun frístundahúsa um níu hús og þéttingu byggðar, breytta vega- og stígagerð á svæðinu, niðurfellingu á tveimur hesthúsalóðum og fjórum leiksvæðum.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé að stórum hluta votlendi sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess kemur fram að reynt hefur verið að staðsetja byggingareiti á þurrum blettum á svæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar mun vegagerð, önnur mannvirkjagerð eins og uppsetning rotþróar og að koma fyrir malarpúðum raska votlendinu og valda þurrkáhrifum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á ákvæðum laganna sem mikilvægt sé að fara eftir, en í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því og mun því uppbyggingin valda truflun og raska því búsvæðum fuglanna.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að leitað sé leiða svo að sumarhúsahverfið sé hannað með þeim hætti að framkvæmdir raski ekki votlendi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að byggingar og vegir liggi í þurrlendi og að ekki sér farið gegnum votlendissvæðin.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um

náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur